

Covid-10 – markmið og tilgangur Árborgar með aðgerðum

Markmið og tilgangur

1. Að halda uppi mikilvægri þjónustu og rekstri, eins vel og lengi og frekast er unnt
2. Að tryggja öryggi íbúa og setja þá ekki í hættu vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis
3. Að veita nægilega vernd starfsfólki og íbúum sem gætu verið í hættu ef þeir sýkjast

Viðbrögð - önnur en sóttgreinsun og hreinlæti

- **Mikilvægast er snerta ekki andlit, utan heimilis, nema sóttgreinsun sé tryggð!**
Þetta er því mikilvægara sem viðkomandi einstaklingur gegnir mikilvægara hlutverki eða er viðkvæmari fyrir sýkingu.
- **Næst mikilvægast er að takmarka návígi við annað fólk utan heimilis.**
Halda 1-2 metra fjarlægð, handfjatla sem minnst sömu hluti, o.þ.h. Draga úr fundarhöldum, nema fjarfundum. Fækka samskiptum nema stafrænum eða símtölum.
- **Mikilvægt er að kynna sér 4.-5. kafla Viðbragðsáætlunar Árborgar við alvarlegum faraldri**

Órofin þjónusta og rekstur

1. Þjónusta sem má ekki falla niður

Störf sem tryggja innviði samfélagsins og viðbrögð sveitarfélagsins við neyðarástandi. Störfin kalla á vettvangsvinnu og/eða verða ekki leyst í fjarvinnslu. Tryggja þarf varamenn og jafnvel möguleika á aðkeyptri þjónustu.

2. Þjónusta sem mikilvægt er að haldist sem lengst

Skólar, bókasafn, íþróttamannvirki og annað sem stuðlar að góðu samfélagi, vellíðan og öryggi og tryggir að sem eðlilegastur gangur sé í samfélaginu.

3. Þjónusta sem hægt er fella niður um tíma eða breyta

Viðvera bæjarstjóra, móttaka fólks t.d. í þjónustuveri, þjónusta sem hægt er að veita af öðrum eða með stafrænum hætti. Skoða þarf hvaða varaleiðir eru færar og jafnvel tryggja þær, s.s. þjónusta einkarekinna símavera, hugbúnaðarfyrirtækja eða þess háttar.

Mjög viðkvæm störf

Starfsmenn sem sinna þjónustu í 1. flokki. Fólk í sömu störfum má alls ekki falla allt út á sama tíma.

Viðkvæm störf

Starfsmenn sem sinna þjónustu í 2. flokki. Sérstaklega er mikilvægt að vernda kennara þannig að hægt sé að halda skólum gangandi í lengstu lög.

Lykilstarfsmenn

Nauðsynlegir starfsmenn sem til að rekstur gangi. Geta flestir verið í sóttkví en samt sinnt störfum sínum. Ef þeir veikjast illa þarf að vera varamaður eða þjónustufyrirtæki til að hlaupa í skarðið.

Viðkvæmir starfsmenn

Fólk sem viðkvæmt gæti verið fyrir Covid-19 sýkingu. Þessir starfsmenn eru vinsamlegast beðnir að bera áhyggjur sínar upp við yfirmenn og/eða viðbragðsstjórn Árborgar. Líkur á alvarlegum sjúkdómi hækka með aldri og undir 50 ára aldri eru þær litlar. Einstaklingar með ákveðin undirliggjandi vandamál eru einnig í aukinni hættu á alvarlegri sýkingu. Ekki er vitað hve mikið áhættan eykst. Þau vandamál sem sýnt er að hafa einhver áhrif eru hár blóðþrýstingur eða hjartasjúkdómar, sykursýki, langvinn lungnateppa, langvinn nýrnabilun og krabbamein.